

Föstudaginn 29. janúar 1982.

Nr. 113/1980. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)

gegn

Guðjóni Erlingssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og gegn áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fikniefnamálum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 4. mars 1980. Ágrip barst Hæstarétti 5. maí 1981.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur og ákærði sakfelldur samkvæmt einstökum ákæruliðum, en refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, er lög leyfa.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakfellingu og færslu brota til refsíákvæða, þó svo, að brot samkvæmt I. ákærulið varðar við 18., shr. 39. gr. laga nr. 82/1969, en refsing verður ekki ákvörðuð samkvæmt 5. gr. laga nr. 52/1978, shr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot voru framin á árunum 1975—1977, og var ákærði þá á aldursskeiðinu 19 til 21 árs. Ákærði dreifði fíkniefnum, marihuana og hassi, til allmargra aðilja og í hagnaðarskyni. Hann hefur ekki hlotið refsingu eftir þetta samkvæmt því, er ráða má af sakavottorði hans. Samkvæmt gögnum, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, stundar hann nú nám við háskóla erlendis.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fang-

elsi óskilorðsbundið, svo og 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, 9. gr. Skal fullnustu á síðargreinda refsihlutunum frestað, og fellur sú refsing niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Þá sæti ákærði enn fremur 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 50 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðjón Erlingsson, sæti fangelsi 3 mánuði, en frá því dregst 22 daga gæsluvarðhaldsvist hans. Þá sæti hann og fangelsi 3 mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Enn fremur sæti hann 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð og afplánist hún 50 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar
og Sigurgeirs Jónssonar.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að við teljum, að staðfesta beri ákvæði hins áfrýjaða dóms um fangelsisrefsingu ákærða.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 12. október 1979.

Ár 1979, föstudaginn 12. október, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Þórði Þórðarsyni með undirrituðum vottum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 606/1979: Ákærvaldið gegn Guðjóni Erlingssyni.

Málið, sem dómtekið var þann 12. júlí sl., er höfðað með ákæru, dags. 27. nóvember 1978, gegn Guðjóni Erlingssyni, Klapparstíg 16, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. desember 1955, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni og áfengislögum, framin í Reykjavík á árunum 1975—1977:

- „1. Vorið 1975 selt mörgum ótilgreindum mönnum samtals um 30 lítra af 96% spíritus á kr. 3.000 hverja 3/4 líters flösku.
2. Vorið 1975 keypt a. m. k. 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 4—500 hvert gramm og selt efnið nokkrum nafngreindum piltum á kr. 900 hvert gramm að undanskildum 20—30 gr, sem ákærði neytti sjálfur.
3. Haustið 1975 keypt a. m. k. 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni á um kr. 500 hvert gramm og selt það nokkrum nafngreindum aðilum á um kr. 900 hvert gramm.
4. Vorið 1976 keypt um 500 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 500—550 hvert gramm og um sama leyti keypt samtals 300 gr af þessu efni af manni nefndum „Nelson“ fyrir sama verð og selt nafngreindum aðilum meginhluta þessara efna á um kr. 800 hvert gramm að undanskildum 200 gr, sem ákærði afhenti nefndum Holberg til baka að láni haustið 1976.
5. Haustið 1976 keypt um 30 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 900—1.000 hvert gramm og síðan selt hluta efnisins nokkrum kunningjum sínum á kr. 1.200 hvert gramm, en annars neytt þess að mestu leyti sjálfur.
6. Í fyrri hluta janúar 1977 tekið við um 200 gr af marihuana

af Holberg Mássyni og selt Thomas R. Lansdown og Albert Klahn Skaftasyni meginhluta efnisins á kr. 5—700 hvert gramm.

7. Í seinni hluta janúar 1977 keypt 196 gr af hassi af Holberg Mássyni fyrir kr. 196.000, selt Thomas R. Lansdown samtals allt að 100—120 gr af efninu, Albert Klahn Skaftasyni 30—40 gr og Guðmundi Kristjánssyni 5 gr á kr. 1.500 hvert gramm.“

Í nefndu ákæruskjali er háttsemi ákærða í 1. lið talin varða við „18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 um breyting á þeim lögum.“

Þá er háttsemi ákærða í 2.—7. lið talin varða við „2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.“

Þá er þess krafist af ríkissaksóknara, að ákærði verði dæmdur „til refsingar, til að sæta upptöku á tæpum 5 grömmum af hassi og um 10.5 grömmum af marihuana samkvæmt 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og á 6 flöskum af bruggi samkvæmt 8. gr. áfengislaganna, en lagt var hald á þetta 23. febrúar 1977, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 15. desember 1955 í Reykjavík. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976 12/10 Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

MÁLSATVIK.

Í byrjun árs 1977 stóð yfir hér fyrir dómi umfangsmikil rannsókn á innflutningi og dreifingu kannabisefna hérlandis. Ákærði, Guðjón Erlingsson, var í nefndri rannsókn borinn alvarlegum sökum og var handtekinn af lögreglu á heimili sínu að Klapparstíg 16 hér í borg 23. febrúar þ. á.

Farið var fram á leyfi ákærða til framkvæmdar leitar að hugsanlegum sakargögnum á heimili hans, en ákærði synjaði þeirri beiðni, og var þá hér fyrir dómi og þann sama dag kveðinn upp úrskurður um leit á heimili ákærða. Við húsleitina fundust 6 flöskur af ætluðu heimabruggi, tvö bréf með ætluðu marihuana og tveir brúnir hassmolar.

Vigtun ofangreindra efna og merking varð þannig:

- 1) meint marihuanaefni, 10.5 gr, merkt sýni nr. 230 a.
- 2) meint hassefni, 4.9 gr, merkt sýni nr. 230 b.

Nefnd tvö sýni voru send til greiningar hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands.

Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru eftirfarandi:

I. Með bréfi, dags. 13. apríl 1977. Þar sagði svo:

„Ávana- og fíknilyf og efni. — Matsgerð nr. 266:

Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr. 230 a til rannsóknar með tilliti til kannabis, sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 29. 3. 1977. Sýnið var blöð, blaðstilkar og fræ af dökkgrænni plöntu, samtals 1,41 g að þyngd.

Með smásjárskoðun, litarprófi og gasgreiningu á súlu mátti staðfesta, að um *Cannabis sativa* væri að ræða. Magn tetrahydró-kannabínóls í blöðum og blaðstilkum var 7 mg/g.

Sýnið var því samkvæmt framansögðu kannabis.“

II. Með bréfi, dags. 13. apríl 1977. Þar sagði svo:

„Ávana og fíknilyf og efni. — Matsgerð nr. 267.

Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr. 230 b með tilliti til rannsóknar á kannabis, sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 29. 3. 1977. Sýnið var brúnn köggull, 1 g að þyngd.

Með smásjárskoðun, litarprófi og gasgreiningu á súlu mátti staðfesta, að um *Cannabis sativa* væri að ræða. Magn tetrahydró-kannabínóls í sýninu var 76 mg/g.

Sýnið var því samkvæmt framansögðu kannabis.“

Ákærði neitaði í fyrstu sökum og var 24. febrúar þ. á. úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald og sat í gæsluvarðhaldi til 18. mars s. á., en hafði þá játað sakir, og mun hér vikið að sakarefni í þeirri röð sem í ákæruskjali greinir.

Ákæruliður 1.

Ákærði lýsti fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 18. mars 1977 kaupum á 96% spíritus af Holberg Mássyni ásamt skólafélaga sínum, Sigurði Barða Jóhannssyni. Ákærði kvað viðskiptin hafa átt sér stað vorið 1975 og hafi nefndur Sigurður fjármagnað kaupin að mestu leyti. Ákærði kvaðst ekki geta tilgreint magn nákvæmlega, en líklegast hafi þeir alls keypt 40 lítra, notað sjálfir um 10 lítra, en afgang hafi ákærði ásamt sambýliskonu sinni, Bertu Ingibjörgu Ragnarsdóttur, tappað á 3ja pela flöskur og selt ýmsum aðiljum á 3.000 kr. hverja. Ákærði kvað þá félaga hafa keypt líterinn á 2.700—2.900 kr., og ákærði deildi hagnaðinum með nefndum Sigurði.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 27. febrúar sama ár viðurkenndi Holberg Másson, fæddur 21. september 1954, að

hafa vorið 1975 keypt nokkurt magn af denatured spiritus og eimað. Kvaðst nefndur Holberg hafa selt ákærða eitthvað af þessu, en ekki vita, hve mikið, en taldi magn geta verið 20—30 lítra og söluverð 2—3.000 kr. hver líter. Nefndur Holberg kvað einhvern hafa verið í slagtogi með ákærða við kaupin, en ekki vita, hver það var. Nefndur Holberg staðfesti framangreint fyrir dómi 23. mars s. á.

Berta Ingibjörg Ragnarsdóttir, fædd 25. janúar 1956, sambýlskona ákærða, var yfirheyrð hjá lögreglu í Reykjavík 25. febrúar s. á. og staðfesti framburð ákærða um kaup og dreifingu á spíritus, en kvaðst ekki geta fullyrt um efnismagn. Nefnd Berta kvað ákærða ekki hafa selt allan spíritusinn, því um 5 lítrar hafi verið eftir og þau notað þá til eigin neyslu á löngum tíma.

Ekki verður af gögnum málsins séð, að nefndur Sigurður Bárður (sic) hafi verið yfirheyrður um framangreint.

Albert Klahn Skaftason, fæddur 16. febrúar 1955 í Reykjavík, lýsti í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 16. mars 1977 kaupum á 3 lítrum af spíritus af ákærða 1975 eða 1976 og kaupverð verið 3.000 kr. hver lítri.

Ákæruliðir 2—3.

Ákærði lýsti hér fyrir dómi 18. mars 1977 kaupum á marihuana af Holberg Mássyni vor og sumar 1975. Ákærði kvað Holberg hafa boðið sér marihuana til sölu um það leyti sem skóla lauk um vorið, og kvaðst ákærði hafa keypt af honum 200 gr á 4—500 kr. hvert gramm.

Ákærði kvaðst sjálfur hafa neytt af efninu 20—30 gr, en afgang selt að mestu leyti þremur aðiljum, Birgi, búsettum í Blesugróf í Reykjavík, Björgvin Emilssyni og Thomas Lansdown. Efnid kveðst ákærði hafa selt á 900 kr. hvert gramm, en ekki geta fullyrt um efnismagn til hvers og eins, nema hvað nefndur Birgir hafi fengið minnst.

Ákærði kvað kaupendur hafa óskað eftir meira efni og því hafa haft samband við nefndan Holberg aftur og af honum keypt 200 gr til viðbótar og líklega á svipuðu verði og áður.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 9. mars 1977 kvað ákærði síðari kaupin hafa átt sér stað í júní 1975. Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 23. mars s. á., og í heildaryfirliti yfir fíkniefnakaup ákærða voru greind kaup sögð hafa átt sér stað haustið 1975. Í nefndu þinghaldi kvaðst ákærði hafa selt efnið mörgum ónefndum aðiljum á 900 kr. hvert gramm.

Varðandi sölu ákærða á ofangreindu efni þá um sumarið lýsti ákærði hjá lögreglu í Reykjavík 16. mars 1977 viðskiptum við nokkra aðilja, og verður nú vikið að framburði ákærða þar um.

Ákærði kvað Inga Rafn Bæringsson, þá búsettan við Kópavogsbraut í Kópavogi, hafa keypt af sér marihuana, en ekki geta tilgreint efnismagn það ár, en nefndur Ingi Rafn átt síðar frekari fíkniefnaviðskipti við ákærða.

Ákærði kvað pilt, nefndan Pál, hafa keypt af sér marihuana síðari hluta árs 1975 og aftur fyrri hluta árs 1976. Ekki tilgreindi ákærði nánar afhendingartíma eða magn, utan hvað heildarmagn bæði árin hefði verið 30—40 gr. Ákærði gat ekki gefið aðrar upplýsingar um nefndan Pál en þær, að foreldrar hans hafi verið búsettir á Seltjarnarnesi. Tókst ekki að hafa upp á nefndum Páli.

Ákærði kveðst hafa selt pilti, er Gísli hét og var skólafélagi ákærða í Menntaskólanum við Hamrahlíð, 20—25 gr af marihuana sumarið 1975 á 900 kr. hvert gramm. Ekki tókst að hafa upp á nefndum Gísla vegna rannsóknar máls þessa.

Ákærði kvað Sigurgeir Oddgeirsson hafa keypt af sér 10 gr af marihuana og afhendingar verið tvær eða þrjár á heimili ákærða, en efnið hafi hann selt ódýrt vegna kunningsskapar við nefndan Sigurgeir.

Að lokum kvaðst ákærði hafa selt Guðnýju Þórarinsdóttur alls 50 gr af marihuana, en afhendingar verið all margar, bæði síðari hluta árs 1975 og fyrri hluta 1976. Ákærði kvað söluverð til nefndrar Guðnýjar hafa verið 900 kr. hvert gramm. Í sampröfun við nefnda Guðnýju 3. júní 1977 hjá lögreglu breytti ákærði efnismagni í 10—20 gr, og staðfesti nefnd Guðný það magn, en kvað söluverð hafa verið 1.000 kr., en það kvað ákærði hugsanlegt.

Holberg Másson lýsti hér fyrir dómi 10. mars s. á. innflutningi sínum á marihuana vorið 1975 og kvaðst hafa selt ákærða þá um sumarið „nokkur hundruð grömm, sennilega 2—400.“ Nefndur Holberg gerði ekki grein fyrir söluverði eða viðskiptum að öðru leyti.

Björgvin Emilsson, fæddur 16. júlí 1954, viðurkenndi 6. september hjá lögreglu í Reykjavík að hafa á árinu 1975 átt fíkniefnaviðskipti við ákærða. Nefndur Björgvin kvaðst hafa keypt 100 gr af marihuana af ákærða vorið 1975 og afhending farið fram í sal í Menntaskólanum við Hamrahlíð og kaupverð sennilega verið 150.000 kr. Nefndur Björgvin kvaðst auk þess sum-

árið s. á. hafa í tvö eða þrjú skipti keypt sams konar efni af ákærða og fyrir fimm þúsund krónur í hvert skipti.

Kristinn Birgir Kristinsson, fæddur 12. júlí 1955, til heimilis að Bleikargróf 11, Reykjavík, viðurkenndi hjá lögreglu í Reykjavík að hafa keypt 10—15 gr af marihuana af ákærða árið 1975 og söluverð verið 900 kr. fyrir hvert gramm.

Sigurgeir Oddgeirsson, fæddur 4. apríl 1955, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 25. mars 1977 vegna máls þessa. Nefndur Sigurgeir kvaðst hafa þekkt ákærða í mörg ár og þeir umgengist hvor annan af og til. Nefndur Sigurgeir kvaðst hafa unnið við dúklagningu heima hjá ákærða einn dag sumarið 1975. Nefndur Sigurgeir kvaðst hafa verið að fara á dansleik þá um kvöldið og ákærði að verki loknu viljað, að hann tæki við lítilræði af marihuana til reynslu. Nefndur Sigurgeir kvaðst hafa tekið við efninu, en týnt því og ekki komið til neyslu. Nefndur Sigurgeir kvaðst í umrætt sinn hafa unnið fyrir ákærða án endurgjalds, en ákærði í greiðaskyni viljað afhenda sér efnið til reynslu. Ekki verður af gögnum málsins séð, að nefndur Thomas Lansdown hafi tjáð sig um fíkniefnaviðskipti við ákærða á árinu 1975.

Ákæruliðir 4—7.

Ákærði lýsti hér fyrir dómi 18. mars 1977 fíkniefnamisferli sínu árið 1976 og byrjun árs 1977, en leiðrétti í þinghaldi 23. mars s. á. tímasetningu á viðskiptum við bandarískan pilt, Nelson að nafni, en ákærði hafði í fyrra þinghaldi talið þau hafa átt sér stað árið 1975, en þau hefðu átt sér stað vorið 1976.

Ákærði kvað nefndan Holberg Másson hafa komið sér í samband við bandarískan pilt, Nelson að nafni, er dvaldist hér á landi um tíma. Af nefndum Nelson kveðst ákærði hafa keypt um 300 gr af marihuana á 500—550 kr. hvert gramm og afhendingar verið tvær til þrjár. Ákærði kvað nefndan Holberg hafa boðið sér marihuana til sölu um svipað leyti og af honum hafa keypt 500 gr á 500—550 kr. hvert gramm. Efni þessi kvaðst ákærði að meginhluta hafa selt Thomas Lansdown, Albert Klahn Skaftasyni og Inga Rafni Bæringssyni á 800 kr. hvert gramm. Ekki kvaðst ákærði þó hafa selt allt efnið, því nefndur Holberg hafi fengið um 200 gr lánuð um haustið og lofað greiðslu fljótlega, en efndir hafi ekki orðið fyrr en í jan. 1977 sem síðar verður vikið að.

Um haustið 1976 kvaðst ákærði hafa fengið um 30 gr af mari-

huana, sem var betra en fyrri efni og hafi það verið kallað Columbia gold. Ákærði kvaðst hafa selt hluta af þessu efni sömu aðiljum og áður og kvaðst ekki hafa átt fíkniefnaviðskipti við aðra aðilja þá um haustið en áður er getið.

Um aðra kaupendur marihuana af ákærða árið 1976 vísast til framburðar ákærða um viðskipti við Guðnýju Þórarinsdóttur og Pál, sem rakinn var í sambandi við ákæruliði 1—3.

Í desember 1976 eða janúar 1977 kveður ákærði nefndan Holberg hafa endurgreitt sér 200 gr af marihuana, er ákærði hafði lánað honum sumarið áður. Ákærði kvað efni þetta mun lélegra en hann áður hafði verið með. Efni þetta kvaðst ákærði að mestu hafa selt áður nefndum Thomas Lansdown og Albert Klahn Skaftasyni, en eitthvað Þorbirni nokkrum, er væri frá Austfjörðum. Efni þetta kvaðst ákærði hafa selt á 5—700 kr. hvert gramm.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 16. mars s. á. gerði ákærði frekari grein fyrir viðskiptum við framangreinda aðilja.

Ákærði kvaðst hafa kynnst nefndum Thomas Lansdown sumarið 1975, en nefndur Thomas hafi leikið í hljómsveitinni Fress og hafi hann í flestum tilvikum verið að kaupa efni fyrir hljómsveitarmeðlimina, er hann skipti við ákærða. Kvað ákærði nefndan Thomas hafa keypt af sér marihuana í gegnum árin og yfirleitt 5 gr í einu á 800 kr. hvert gramm.

Ekki kvaðst ákærði geta með nokkru móti hent reiður á, hversu mikið magn af marihuana nefndur Thomas hefði keypt, því sá hafi sífellt verið að falast eftir meira efni.

Ákærði kvaðst telja, að nefndur Thomas hefði fengið um 70—150 gr af marihuana efni því, er ákærði hafði undir höndum í des. 1976 eða janúar 1977. Afhendingar til nefnds Thomas kvað ákærði ýmist hafa farið fram á heimili sínu að Klapparstíg 16 eða á Háskólalóðinni og aðrir en þeir tveir ekki verið viðstaddir.

Ákærði kvað Albert Klahn Skaftason hafa unnið hjá sér sumarið 1976 og talsverður samgangur verið þeirra í milli. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt um heildarmagn af marihuana, er nefndur Albert hefði keypt af sér, en sá hafi keypt grammið á 500—600 kr. auk þess sem ákærði hefði gefið nefndum Albert nokkur grömm um áramót 1976—1977.

Ákærði lýsti í nefndri lögregluyfirheyrslu viðskiptum við Þorbjörn, er búið hefði í gömlu fjölbýlishúsi á Bergstaðastræti við Hallveigarstíg, en væri nú fluttur á Seyðisfjörð. Ákærði kvað nefndan Þorbjörn hafa keypt af sér talsvert af marihuana um

áramótin 1976—1977, en ekki vita heildarmagn þess efnis. Ákærði kvaðst þó halda, að nefndur Þorbjörn hefði ekki fengið undir 50 grömmum og greitt kr. 600—700 fyrir hvert gramm og afhendingar farið fram á heimili ákærða.

Í nefndri lögregluýfirheyrslu lýsti ákærði sölu á marihuana til Inga Rafns Bæringssonar, er þá bjó á Kópavogsbraut. Ákærði kvaðst hafa selt nefndum Inga marihuana fyrst á árinu 1975 og allt til þess er sá flutti til Noregs sumarið 1976. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir efnismagni til nefnds Inga, en muna, að mesta efnismagn afhent honum í einu hafi verið sumarið 1976 og 30 gr. Ákærði kvað nefndan Inga yfirleitt hafa greitt 800 kr. fyrir hvert gramm.

Er ákærða var birt ákæruskjal í máli þessu, þá lét ákærði þess getið, að marihuanaefnið frá Holberg hefði rýrnað nokkuð hjá sér, þar sem ákærði kvaðst oft hafa týnt úr því stöngla og fræ, áður en til endursölu kom.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 7. mars s. á. lýsti ákærði kaupum á 196 gr af hassi af áðurnefndum Holberg Mássyni í janúar þ. á. Ákærði kvað nefndan Holberg hafa komið út á Reykjavíkflugvöll, er ákærði kom frá Patreksfirði, og boðið sér hass þetta til kaups og hafi þetta líklega átt sér stað 19. janúar. Sennilega tveim dögum seinna hafi nefndur Holberg komið á heimili ákærða og þá haft efnið meðferðis, pakkað í gulan plastpoka og í tveimur kögglum. Ákærði bar á sama veg um viðskipti þessi hér fyrir dómi 18. mars s. á. og kvaðst hafa staðgreitt efnið, kr. 100.000 í peningum og kr. 96.000 með ávísun á reikning nr. 12205 við Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú. Efnið kvaðst ákærði hafa selt þremur aðiljum.

Ákærði kvaðst hafa selt Guðmundi Kristjánssyni 5 gr heima hjá Albert Klahn á kr. 7.500, Albert Klahn 30—40 gr á kr. 1.500 hvert gramm, en auk þess gefið honum með sér lítilræði af efni. Loks kvaðst ákærði hafa selt áðurnefndum Thomas Lansdown 100—200 grömm á kr. 1.500 hvert gramm. Daginn, sem ákærði var handtekinn, kvaðst ákærði hafa verið orðinn uggaandi um hag sinn og álitid, að vænta mætti handtöku fljótlega, og þá falið í baðskáp 20—30 gr af hassi, sem ákærði átti eftir. Er lögregla kom og handtók ákærða, kvaðst hann hafa hent hassinu út um gluggann og séð það skoppa inn í sund gegnt Klappartíg 16.

Aðspurður um söluhagnað kvað ákærði hann að mestu hafa farið til daglegra nota.

Holberg Másson skýrði frá því í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 27. febrúar 1977 að hafa kynnt ákærða fyrir Banda-ríkjamanni, Nelson Ingersoll að nafni, vorið 1976. Í nefndri yfir-heyrslu var eftirfarandi eftir nefndum Holberg bókað framan-greint varðandi:

„Mætti kveðst hafa sl. vor kynnt Nelson áður nefndan fyrir Guðjóni Erlingssyni og þeir hafi síðan átt saman einhver við-skipti með gras, enda það verið tilgangurinn með kynningunni. Mætti kveðst ekki vita náíð um viðskipti þeirra Guðjóns og Nelsons, en telur, að bróðir Nelsons hafi flutt eitthvað af grasi til landsins og Guðjón tekið að sér sölu efnisins. Mætti kveðst ekki viss um, að Nelson hafi haft grasið undir höndum, þegar kynningin átti sér stað, en telur það líklegt. Nelson hafi farið utan kringum 15. maí þetta vor, og telur mætti, að viðskipti þessi hafi átt sér stað fyrir þann tíma.“

Nefndur Holberg staðfesti framangreint hér fyrir dómi 10. mars s. á.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að tekist hafi að hafa upp á nefndum Nelson Ingersoll og yfirheyra vegna rannsóknar þess-arar.

Í yfirheyrslu hér fyrir dómi 11. mars s. á. lýsti áður nefndur Holberg Másson dreifingu á umtalsverðu magni af marihuana hér á landi vor og sumar 1976. Nefndur Holberg kvaðst þá um vorið hafa selt ákærða um 500 gr af marihuana, óhreinsuðu með stönglum og fræum. Ekki fullyrti nefndur Holberg um söluverð til ákærða, en söluverð verið 4—500 kr.

Nefndur Holberg kvaðst í júlí s. á. hafa flutt til landsins 100 gr af marihuana, svonefndu „Columbiagrasi“, en ekki muna nákvæmlega um dreifingu á því, en ákærði hafi fengið hluta af því.

Í áður nefndu þinghaldi skýrði nefndur Holberg frá afhend-ingu á marihuana til ákærða í janúar 1977. Nefndur Holberg kvaðst hafa afhent ákærða rúmlega 200 gr, en Guðjón ekki getað selt það allt og því hafa tekið til baka um 100 gr. Nefndur Hol-berg kvað ákærða ekkert hafa greitt fyrir efnið, enda átt inni hjá sér fyrir afnot bifreiðar o. fl. sumarið áður.

Í sama þinghaldi lýsti nefndur Holberg sölu á um 200 gr af hassefni til ákærða fyrir 180.000 kr.

Í skýrslu hjá lögreglu 17. febrúar s. á. hafði nefndur Holberg lýst þessari sölu á hassefni nánar. Kvað hann afhendingu efnis-ins, er reynst hafi tæplega 200 gr, hafa farið fram á heimili

ákærða að Klapparstíg 16 og líklega þann 20. janúar, en áður símleiðis boðið ákærða efnið til sölu.

Thomas Richard Lansdown, fæddur 25. nóvember 1953 í Bandaríkjunum, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 17. mars 1977 vegna máls þessa og lýsti kaupum sínum á kannabis-efnum af ákærða, en kaupin hafi hann annast fyrir félaga sína í nafngreindri hljómsveit. Í nefndri yfirheyrslu var um þessi viðskipti bókað:

„Mætti segir, að samantekið heildarmagn efna, sem mætti og framangreindir aðilar hafi keypt á liðnu ári, hafi verið ca 5—600 grömm af marihuana og 70—80 grömm af hassi. Mætti segir allt þetta efni hafa verið keypt af sama manningum og mætti hafi sjálfur annast viðskiptin í öll skiptin, sem keypt var. Mætti segir afhendingar hafa verið mjög margar. Stundum hafi verið verslað oftár en einu sinni í viku, en stundum hafi jafnvel fallið úr vika án efniskaupa. Mætti segir þennan mann ávallt hafa verið með efnið heima hjá sér, og kveðst mætti aldrei hafa séð meira efnismagn hjá honum hverju sinni en keypt var. Þetta efni, hvort sem um marihuana eða hass hafi verið að ræða, hafi það verið í 5 gramma pakkningum, sem hafi verið búið að vigta, áður en mætti kom á staðinn. Nánar segir mætti þennan sölu-aðila vera Guðjón Erlingsson, Klapparstíg 16 hér í borg. Honum kveðst mætti hafa kynnst þannig, að sér hafi verið vísað á hann sem aðila, er gæti selt mætta marihuana. Mætti kveðst ekki vita, hvað sá heiti, sem vísaði á Guðjón. Mætti segir þá fé-laga hafa að meðaltali lagt jafnmikið fé fram til efniskaupa, en ýmist hafi verið, hver útvegaði peninga hverju sinni. Mætti segir efni jafnan hafa verið skipt jafnt á milli þeirra félaga eftir kaupin og því ekki alltaf notað það saman. Aðspurður segir mætti marihuanaefnið hafa verið mjög svipað eða eins, en Guð-jón hafi hins vegar haldið því fram, að það væri misgott, og því haft á því misjafnt verð. Fyrir marihuana kveðst mætti hafa greitt kr. 600.- til kr. 1.200.- eftir mati Guðjóns á efnisgæðum. Fyrir hassið kveðst mætti hins vegar hafa greitt honum kr. 1.500.- fyrir hvert gramm. Mætti segir hassefnið alltaf hafa ver-ið af sömu tegund, þ. e. Rauður Líbanon. Mætti kveðst ekkert hass hafa fengið hjá Guðjóni fyrr en nú eftir áramót og seinast fengið hjá honum hass rétt áður en hann var handtekinn.“

Í nefndri lögregluyfirheyrslu var nefndur Thomas spurður um kaup á marihuana af ákærða á árinu 1977 og kvaðst þá hafa keypt 20—30 gr í byrjun janúar á 6—800 kr. hvert gramm.

Nefndur Thomas breytti í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík framangreindum framburði um mótttekið hassmagn frá ákærða og kvað það alls hafa verið 150 grömm, en annað áður fram komið rétt.

Albert Klahn Skaftason, fæddur 16. febrúar 1955 í Reykjavík, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 16. mars 1977 og lýsti þá fíkniefnakaupum af ákærða. Nefndur Albert kvað viðskipti þeirra hafa byrjað sumarið 1976, er hann vann hjá ákærða, en undanfarna mánuði hefði hann átt stöðug viðskipti við ákærða og væri bæði um að ræða kaup á marihuana og hassefni frá ákærða. Efnin kvaðst nefndur Albert hafa keypt ásamt sambýlskonu sinni, Jónínu Ingibjörgu Gísladóttur, og hafi hún fjármagnað kaupin. Aðspurður um heildarmagn efna frá ákærða kvaðst nefndur Albert giska á 200 gr af marihuana og 100 gr af hassi og kvað þessar tölur nærri lagi, en bætti við, „að afhendingar hafi verið svo margar, að ógjörningur sé að fara nákvæmlega með tölur í þessu sambandi.“ Nefndur Albert kvað marihuanaefnið hafa verið á frá kr. 500—900 hvert gramm, en hassið, er var svonefnt Líbanonhass, hafi verið á 1.500 kr. hvert gramm.

Nefndur Albert var í sömu yfirheyrslu spurður um viðskipti Inga Rafns Bæringssonar og ákærða. Kvaðst nefndur Albert ekki vita, hversu mikil þau hafi verið, en þó geta fullyrt, að Ingi Rafn hafi verslað meira en hann sjálfur.

Af gögnum málsins verður séð, að 15. mars 1977, er lögregla hugðist boða Inga Rafn Bæringsson, fæddan 10. mars 1955, Kópavogsbraut 43, Kópavogi, til yfirheyrslu vegna meintrar aðildar að máli þessu, var sá sagður staddur í Noregi og þar starfandi. Ekki verður séð, að nefndur Ingi hafi síðar verið yfirheyrður vegna máls þessa.

Jónína Ingibjörg Gísladóttir, fædd 9. maí 1952, kvaðst í yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík 16. mars 1977 hafa átt fíkniefnaviðskipti við ákærða. Kvaðst hún ásamt sambýlismanni sínum, Albert Klahn Skaftasyni, og árið 1976 og byrjun árs 1977 ítrekað af ákærða hafa keypt bæði marihuana og hass. Ekki kvaðst hún geta fullyrt um heildarefnismagn frá ákærða, en þau hafi móttekið 30—40 gr af hassi. Kvaðst hún hafa fjármagnað kaupin, en nefndur Albert yfirleitt annast móttöku efna frá ákærða.

Þorbjörn Ágúst Erlingsson, fæddur 17. september 1955 í Keflavík, til heimilis að Selási 8, Egilsstöðum, var 26. mars 1977 yfir-

heyrður hjá lögreglu í Reykjavík vegna meintra fíkniefnakaupa af ákærða. Nefndur Þorbjörn kvaðst hafa kynnst ákærða á dansleik í veitingahúsinu Sigtúni. Kvað nefndur Þorbjörn ákærða hafa komið að heimili sínu á Bergstaðastræti hér í borg í jan. sl. að skila hljómplötum, en þá hafi ákærði boðið sér marihuana til kaups. Kvaðst nefndur Þorbjörn hafa hugleitt málið í nokkra daga og síðan haldið heim til ákærða á Klapparstíg og keypt af honum marihuana á 600 kr. hvert gramm. Alls kvaðst nefndur Þorbjörn hafa keypt af ákærða marihuana 5—6 sinnum, en ekki muna magn í hvert sinn. Kvað hann ákærða alltaf hafa verið einan við afhendingu efna og efnið ævinlega staðgreitt. Nefndur Þorbjörn kvaðst alls hafa keypt af ákærða um þetta leyti 50—100 gr af marihuana.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að þar nefndur Guðmundur Kristjánsson hafi verið yfirheyrður um kaup fíkniefna af ákærða.

VARNARÁSTÆÐUR.

Páll A. Pálsson héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi, gerir þær kröfur, að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir þau brot, sem talin eru í ákæruskjali, og lögmanni tildæmd hæfileg málsvarnarlaun. Þá krafðist verjandi þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða kæmi til frádráttar refsingu að fullu.

Verjandi rökstyður kröfur sínar um vægustu refsingu með því, að ákærði hafi ekki áður gerst sekur um fíkniefnabrot og hegðað sér vel, eftir að brot voru upplýst. Annar rökstuðningur verjanda þykir hér ekki máli skipta.

1. Ákæruliður.

Þrátt fyrir játningu ákærða um sölu á 30 lítrum af 96% spíritus þykir varlegra með vísan til framburðar Holbergs Mátsonar og annarra gagna að ganga út frá 20 lítrum sem seldu magni. Þykir því sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega í ákæruskjali greinir, með ofangreindu frávikum um efnismagn, nánar vorið 1975 selt mörgum ótilgreindum mönnum samtals 20 lítra af 96% spíritus á kr. 3.000 hverja 3/4 líters flösku.

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi ákærða réttilega talin

varða við 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 um breyting á þeim lögum.

Hefur ákærði samkvæmt framansögðu unnið til refsingar.

2. Ákæruliður.

Með játningu ákærða, sem nægilega er studd öðrum gögnum málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega í ákæruskjali greinir, nánar „vorið 1975 keypt a. m. k. 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 4—500 hvert gramm og selt nokkrum nafngreindum piltum á kr. 900 að undanskildum 20—30 gr, sem ákærði neytti sjálfur.“

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

3. Ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega greinir í ákæruskjali, nánar „haustið 1975 keypt a. m. k. 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni á um kr. 500 hvert gramm og selt það nokkrum nafngreindum aðilum á um kr. 900 hvert gramm.“

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi ákærða réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

4. Ákæruliður.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa keypt 300 gr af marihuana af manni nefndum „Nelson“. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að yfirheyra nefndan „Nelson“ vegna máls þessa, þykir óhætt að leggja framburð ákærða um þessi viðskipti til grundvallar, enda staðfestir Holberg Másson, að þau hafi átt sér stað.

Þá þykir rétt með vísan til framburðar ákærða og nefnds Holbergs svo og hvernig ákæru er háttað að leggja til grundvallar framburð ákærða um kaup á 500 gr af marihuana af Holberg og dreifingu á 300 gr þar af. Einnig þykir með vísan til Holbergs mega ganga út frá kr. 500 sem einingarverði í viðskiptum þeirra.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað með játningu ákærða, sem nægilega er studd öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi, sem réttilega í ákæruskjali greinir með ofangreindu fráviki um einingarverð, vorið 1976 keypt um 500 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 500 hvert gramm og um sama leyti keypt samtals 300 gr af þessu efni af manni, nefndum „Nelson“, fyrir sama verð og selt nafngreindum aðiljum meginhluta þessara efna á um kr. 800 hvert gramm að undanskildum 200 grömmum, sem ákærði afhenti nefndum Holberg til baka að láni haustið 1976.

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi ákærða réttilega til refsíákvæða færð, nánar talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

5. Ákæruliður.

Ákærði viðurkenndi að hafa haustið 1976 keypt um 30 gr af marihuana af Holberg Mássyni á 900—1.000 kr. hvert gramm. Nefndur Holberg styður framburð ákærða án þess þó að fullyrða um efnismagn eða verð. Þykir rétt að leggja til grundvallar framburð ákærða um framangreint. Þykir því sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega er lýst í ákæruskjali, nánar „haustið 1976 keypt um 30 gr af marihuana af Holberg Mássyni á kr. 900—1.000 hvert gramm og síðan selt hluta efnisins nokkrum kunningjum sínum á kr. 1.200 hvert gramm, en annars neytt þess að mestu leyti sjálfur.“

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

6. Ákæruliður.

Þessi ákæruliður er í samræmi við játningu ákærða og efnislega studdur framburði Holbergs Mássonar og öðrum gögnum málsins. Þykir því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega er í ákæruskjali lýst, nánar „í fyrri hluta janúar 1977 tekið við um 200 gr af marihuana af Holberg Mássyni og selt Thomas R. Lansdown og Albert Klahn Skaftasyni meginhluta efnisins á kr. 5—700 hvert gramm.“

Í ákæruskjali er þessi háttsemi réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

7. Ákæruliður.

Þessi ákæruliður er byggður á játningu ákærða, sem er efnislega studd öðrum gögnum málsins, utan hvað ekki liggur fyrir framburður nefnds Guðmundar Kristjánssonar um viðskipti við ákærða, og þykja þau því ekki nægilega sönnuð. Þykir því samkvæmt ofansögðu nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega í ákæruskjali greinir með ofangreindu fráviki um 5. gr., sölu til Guðmundar Kristjánssonar, og nánar í seinni hluta janúar 1977 keypt um 196 gr af hassi af Holberg Mássyni fyrir kr. 196.000, selt Thomas R. Lansdown samtals allt að 100—120 gr af efninu og Albert Klahn Skaftasyni 30—40 gr á kr. 1.500 hvert gramm.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar.

Refsingu ákærða ber að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar verður haft í huga, að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot af þessu tagi, hins vegar lét ákærði sem milliliður aðiljum í té umtalsvert magn fíkniefna, sbr. 2.—7. ákærulið.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu svo og með hliðsjón af 5., sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða, Guðjóns Erlingssonar, hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en auk þess með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 300.000, þar sem ákærði skv. ofansögðu áskildi sér hagnað með sölu fíkniefna og áfengis.

Ofangreindri refsingu þykir með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt að komi til frádráttar með fullri dagatölu sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, nánar 22 dagar.

Þá ber með vísan til 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, svo sem í ákæru er krafist, að gera ákærða að sæta upp-töku á 5 grömmum af hassi og um 10.5 grömmum af marihuana

og með vísan til 8. gr. áfengislaga að sæta upptöku á 6 flöskum af meintu bruggi, en lagt var hald á framangreint 23. febrúar 1977.

Samkvæmt ofangreindu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 100.000 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðs-dómslögmanns.

Dómsuppkvaðning hefur dregist óæskilega vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Erlingsson, fæddur 15. desember 1955, sæti fangelsi í 4 mánuði og greiði fésekt til ríkissjóðs, kr. 300.000, en 30 daga fangelsi komi í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 22 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 100.000 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns.

Upptæk skulu til eyðingar 5 grömm af hassefnum, 10.5 grömm af marihuana og 6 flöskur af meintu bruggi.

Mánudaginn 1. febrúar 1982.

Nr. 75/1981. **Lorelei h/f**
 gegn

Helga M. Bergs bæjarstjóra f. h.
Akureyrarbæjar og bæjarsjóðs
og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Lorelei h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.